

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 24. júní 1981

um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE, 64/433/EBE, 71/118/EBE, 72/461/EBE, 72/462/EBE, 77/96/EBE, 77/99/EBE, 77/391/EBE, 80/215/EBE, 80/217/EBE og 80/1095/EBE að því er starfsreglur fastanefndar um dýraheilbrigði varðar

(81/476/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Fastanefnd um dýraheilbrigði sem var komið á fót með ákvörðun 68/361/EBE <sup>(3)</sup> skilar álitum sínum í samræmi við starfsreglur sem gilda til 21. júní 1981.

Máli var fyrst vísað til nefndarinnar 22. desember 1972. Nægur tími hefur liðið til að unnt sé að taka lokaákvörðun um þessar starfsreglur. Ekki er lengur þörf á að takmarka gildistíma þessara starfsreglna.

Reynslan sem hefur fengist af beitingu núgildandi starfsreglna sýnir að þær gefa góða raun þegar taka þarf með skjótum hætti þær ákvarðanir sem þeim var einkum ætlað að gilda um.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. C 102, 5. 5. 1981, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 19. júní 1981 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

Jafnframt er nauðsynlegt eftir aðild Grikklands að aðlaga fjölda atkvæða sem þarf til að tilskilinn meirihluti fái í nefndinni vegna gerða sem eru samþykktar eftir gildistöku aðildarlaganna frá 1979 og hafa ekki enn verið aðlagðar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirtalin ákvæði falli hér með úr gildi:

- 14. gr. tilskipunar 64/432/EBE <sup>(4)</sup>,
- 9. gr. b í tilskipun 64/433/EBE <sup>(5)</sup>,
- 13. gr. tilskipunar 71/118/EBE <sup>(6)</sup>,
- 10. gr. tilskipunar 72/461/EBE <sup>(7)</sup>,
- 31. gr. tilskipunar 72/462/EBE <sup>(8)</sup>,
- 10. gr. tilskipunar 77/96/EBE <sup>(9)</sup>,
- 21. gr. tilskipunar 77/99/EBE <sup>(10)</sup>,
- 12. gr. tilskipunar 77/391/EBE <sup>(11)</sup>,
- 9. gr. tilskipunar 80/215/EBE <sup>(12)</sup>,
- 17. gr. tilskipunar 80/217/EBE <sup>(13)</sup>,
- 10. gr. tilskipunar 80/1095/EBE <sup>(14)</sup>.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24.

<sup>(8)</sup> Stjútíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

<sup>(9)</sup> Stjútíð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 67.

<sup>(10)</sup> Stjútíð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 85.

<sup>(11)</sup> Stjútíð. EB nr. L 145, 13. 6. 1977, bls. 44.

<sup>(12)</sup> Stjútíð. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 4.

<sup>(13)</sup> Stjútíð. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 11.

<sup>(14)</sup> Stjútíð. EB nr. L 325, 1. 12. 1980, bls. 1.

2. gr.

Í stað tölunnar „41“ komi talan „45“ í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 80/215/EBE, 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 80/217/EBE og 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 80/1095/EBE.

3. gr.

Fyrir 1. júlí 1987 skal ráðið endurskoða, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um starfsemi fastanefndar um dýraheilbrigði, ásamt viðeigandi tillögum ef með þarf, starfsreglur umræddrar nefndar.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1981.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
G. M. V. van AARDENNE  
*forseti.*